



Íslenskt timbur dregið í dilka

– Námskeið í styrkflokkun á íslensku timbri

Yfir aldirnar hefur venjan verið sú að Íslendingar hafa flutt inn timbur erlendis frá. Þetta timbur var af þess tíma framandi tegundum fyrir Íslendinga og fyrir vikið mjög eftirsótt til smíðar.

Nú er öldin önnur og þessar áður framandi tegundir hafa nú skotið rótum og vaxið vel hér á Fróni. Svo vel reyndar að ágæt reynsla er komin á notkun heimafengins timburs til margs konar smíða.

Um þessar mundir eru að verða tímamót á markaði timburs því glæsilegir skógar vaxa vítt og breitt um landið. Búast má við umtalsverðu framboði íslensks viðar næsta áratuginn úr skógum sem voru gróðursettir um aldamótin með fyrstu landshlutaverkefnum í skógrækt, oft nefnt bændaskógrækt. Þetta er fyrst og fremst víður af lerkí og greni, en einnig er um að ræða furu, ösp og jafnvel birki.

Ágætu skógarbændur, skógræktarmenn og þeir sem eru að vinna við timburvinnslu úr bolum úr íslenskum skógum. Markmið okkar, sem eru Land og skógur, Skógræktarfélag Íslands, Bændasamtökin og Trétækni ráðgjöf slf., er að haustið 2024 getum við selt íslenskt timbur fyrir burð í mannvirki, Svansvottað, stimplað og styrkflokkað samkvæmt ÍST INSTA 142:2009. Til þess að þetta væri hægt fengu Bændasamtökin í samvinnu við Trétækni ráðgjöf slf. styrk frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (verkefnið ASKUR) til að vinna að verkefninu. Íðan fræðslusetur mun halda námskeið í samvinnu við ofangreinda aðila fyrir fyrirtæki í timburiðnaði og starfsmenn þeirra.

Námskeiðin sem ÍÐAN býður upp á eru tvö:

- Námskeið fyrir starfsmenn til að læra styrkflokkun á burðarvíði samkvæmt staðlinum ÍST INSTA 142:2009.
- Námskeið til að upplýsa fyrirtæki um öryggi við að saga timburboli, gæðastjórnun og merkingu á timbrinu, allt samkvæmt staðlinum ÍST EN 14081-1.

Námskeiðin eru ætlað fyrirtækjum sem saga timbur og flokka það eftir burðargetu fyrir einstök innlend verkefni, en ekki til fyrirtækja til endursölu. Einnig geta aðrir sótt námskeiðið og fengið réttindi til að styrkflokka timbur.

Þegar trjábolur er metinn og sagaður þarf að sjá út eiginleika viðarins og saga eftir því. Efnið sem fæst úr söguninni er svo flokkað í styrkflokka eftir eiginleikum viðarins. Þannig má hámarka gæði og verð íslensks timburs.



Eiríkur Þorsteins-son hjá Trétækni ráðgjöf.



Ólafur Ástgeirs-son hjá Iðunni fræðslusetri.



Hlynur Gauti Sigurðsson hjá BÍ.

Námskeiðin eru í formi myndbanda og kennslugögn eru samkvæmt ÍST INSTA 142:2009 og bókinni Gæðafjalir - viðskiptaflokkun á timbri úr barrtrjám sem er notuð til stuðnings. Að námskeiði loknu fer fram verklegur matsdagur þar sem þátttakendur styrkflokka óflokkað timbur. Eftir að þátttakandi hefur staðist námskeiðið á hann að geta flokkað timbur samkvæmt staðlinum ÍST INSTA 142:2009. Við flokkun má nota timbrið sem burðarvið og undirgengst fyrirtækið sem starfsmaðurinn starfar hjá ábyrgð á timbrinu til kaupanda. Nánari upplýsingar um stimpil til að merkja burðarviðinn verður kynntur við lok á námskeiði.

Hér er um fyrsta námskeið sinnar tegundar að ræða en þegar fram líða stundir verður það kennt reglulega og verður jafnframt kennt í fagskólum. Skráning á nemendum og fyrirtækjum á námskeið fer fram á heimasíðu Iðunnar, idan.is, og stendur til 20. ágúst 2024. Haft verður samband við fyrirtækin og þátttakendur í kjölfarið. Prófadagur verður 24. september. Verð á námskeiðið verður auglýst síðar.

Það þor sem forysta ríkisins hafði skömmu fyrir aldamót með innspýtingu í bændaskógrækt er nú að skila sér til baka og mun líkast til gera um ókomna tíð. Samtímamenn hafa yfirleitt spáð vaxtarskilyrðum trjáa til verri vegar en raun bar vitni. Það er útlið fyrir góða timburuppskeru og „biðin“ eftir sjálfbæru Íslandi veður sífellt styttri. Landbúnaðurinn braggast enn betur í skjóli trjáa og tækifæri til búsetu um land aukast. Það er svo ótal margt sem skógurinn gefur. Nú munum við draga timbrið okkar í dilka, auka verðmæti þess, farga kolefnisspori sem fylgir innflutningi og efla sveitir landsins. Íslenskt timbur er komið til að vera.

Höfundar koma allir að námskeiðinu.